

Fundargerð vegna tillagna hverfisráða um framkvæmdir árána 2020-2022

Miðvikudagur 23. September 2020

Fundinn sátu: Birgir Gunnarssonar, Axel Överby, Bryndís Ósk Jónsdóttir

Tillögur hverfisráða á Þingeyri, Önundarfirði, Hnífsdal, Eyri/efri bæ Ísafirði, Holta-/Tunguhverfi Ísafirði ræddar og yfirfarnar. Tillögur hverfisráðs á Súganda hafa ekki verið borist.

Horft var til forgangslista hverfisráðanna, en jafnframt útfærsla m.t.t. raunhæfra möguleika út frá deiliskipulagi, kostnaðarmati og líklegrar sáttar um útfærslur.

Eftirfarandi var niðurstaða fundarins um þau verkefni sem gerð verður framkvæmdaáætlun 2020-2022 um. Niðurstöður geta þó breyst þegar fullgert kostnaðarmat liggur fyrir. Gert er ráð fyrir ca. 2 milljónir á ári fyrir hvert hverfisráð auk aukins fjár úr sveitasjóði vegna framkvæmda, án nákvæmrar tölu.

1) Hnífsdalur

Gerð göngustígs meðfram Hnífsdalsá ætti að hafa lokið nú síðsumars 2020 og fjármunir ársins notaðir í þá uppbyggingu.

Framkvæmdaáætlun tekur til uppbyggingar göngustígs frá Bakkahól upp að grindarhlíði á veginum fram í dal og/eða lagfæra göngustíg upp á Bakkaveg.

Setja upp áningarstaði við göngustíga, með bekkjum og ruslafötum.

Gera viðhaldsáætlun vegna félagsheimilisins, en það mál mun fara sérstaklega í gegnum stjórnarsýsluna, m.t.t. vilja bæjarfulltrúa.

Atriði varðandi almenna umhirðu munu bíða þar til næsta sumar.

2) Önundarfjörður

Framkvæmdaáætlun tekur til uppbyggingar sjóbaðsaðstöðu í Holti, og setja upp bekki/borð fyrir nestisaðstöðu, ásamt ruslafötum.

Skautasvell – breyting haust 2020

Jafnframt sumarið 2021 að setja upp frísbíggvöll á túni við ærslabelg.

Ríkiseignir eiga stærsta hluta að jörðinni í kringum Holtsfjör. Kanna þarf möguleika á að fá að setja upp búnings- og sturtuáðstöðu, í gámahúsi eða með öðrum hætti, þar sem vatn og rafmagn yrði tengt í aðrar lagnir á svæðinu.

Í framtíð mætti huga að leiktækjum eða öðru fyrir fjölskyldur, auk þess að afmarka e.t.v. frekar bílastæði.

Sæbjörg Freyja óskaði eftir að fá að setja út beitingabala í þorpið fyrir plöntur og fræ. Ákveðið að henni yrði komið í samband við Möttu/garðyrkjudeild vegna þessa, þar sem hugmyndin er góð og samþykkt.

3) Þingeyri

Framkvæmaáætlun tekur til kaupa á hreystitækjum og uppsetningu þeirra við göngustíg ofan við byggðina, en best væri að umhverfis- og eignasvið myndi finna hentugasta staðinn í hliðinni, út frá landslagi.

Eyþóri falið að kalla eftir útfærslum frá seljanda.

Heimila kaup á sláttuorfum til láns fyrir íbúa sem vilja fegra opin svæði. Kaupin yrðu í samráði við hverfisráð, og yrðu á ábyrgð hverfisráðsins varðandi útdeilingu og geymslu.

4) Holta- og Tunguhverfi

Á árinu 2020 var fjármunum varið í kaup á kastala við leikvöll í Tunguhverfi og uppsetningu hans.

Framkvæmdaætlun myndi taka til kaupa og uppsetningar á trönuleiksvæði (leiksvæði úr náttúrulegum efnivið) á reit skv. deiliskipulagi, til hliðar við varnargarðinn ofan við Holtahverfi. Trönuleiksvæði yrði hugsað sem leiksvæði fyrir eldri börn og fjölskyldur, s.s. með aparólu, klifurneti, þrautabraut, jafnvægisslám o.fl.

Þá yrðu jafnframt settir upp bekkir og borð (nestisaðstaða) ásamt ruslafötum. Jafnframt frísíggjöllur.

Varðandi viðhald gangstétta er komin brýn þörf á það. Fyrirhugað var að fjárfesta fyrir 20 milljónir í lagfæringu gagnstéttar í gegnum Hafraholt á árinu 2020, en þeirri framkvæmd hefur verið frestað. Best væri að fara í þá framkvæmd á næsta ári, auk þess að laga gangstéttar í Sunnuholti (lítil gata).

5) Eyri og efri bæ

Framkvæmaáætlun myndi taka til uppbyggingar leiksvæðis á „gamla gæsló“, malarplani við hlið ærslabelgs við Safnahúsið. Skipt yrði um undirlag á svæðinu, sett upp leiktæki (fyrir börn ca 7 ára+ – ekki yngri börn), bekkir/borð, ruslafötur. Setja upp gróður (tré/runna).

Skoða varðandi kostnað hvort nýta ætti fjármuni ársins 2020 í kaup á hreystitækjum (til aukins við hreystitæki á vegum velferðarsviðs, sem sett yrðu niður við suðurhlið HVEST), eða hvort setja eigi alla fjármuni til að gera leiksvæðið við ærslabelg sem best.

Setja upp hlið á Skipagöturóló svo yngri börn hlaupi ekki út á götuna.

Tekið vel í hugmyndir um að bæta ásýnd Silfurtorgs yfir sumartímann, setja bekki og gera umhverfið líflegra. Þörf fyrir frekari umræðu og hugmyndum þar.

Tekið vel í hugmyndir um hjólabraut í Hafnarstræti, þarf góða útfærslu hjá hönnuði. Sama á við um breytta skipan umferðar í kringum norðurenda Sól- og Hrannargötu.

